

Akureyrarbær
Eiríkur Björn Björgvinsson

29. mars 2017

Efni: Sjálfbært Ísland og Bros bræður kynna myndina "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt" - sýningar á Akureyri

Kæri Eiríkur,

Takk fyrir fundinn síðasta sumar þar sem við ræddum stofnaðild að Sjálfbæru Íslandi, sýningu heimildarmyndarinnar "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt" og umhverfismál almennt.

Eins og fram kom þá frumsýndum við Bros bræður heimildarmyndina "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt" í Háskólabíói síðasta vetrardag í fyrra fyrir fullu húsi. Eftir sýninguna fengum við góða gesti í pallborðsumræður, Dag B. Eggertsson borgarstjóra, Þorstein Víglundsson framkvæmdastjóra Samtaka Atvinnulífsins, Brynhildi Davíðsdóttur stjórnarformann OR og prófessor í Umhverfis- og auðlindafræði við HÍ, Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar, Snorra Baldursson formann Landverndar og að auki var Ragnheiður Elín Árnadóttir Iðnaðar- og viðskiptaráðherra með innslag.

Í vetur höfum við verið á ferðinni á höfuðborgarsvæðinu og sýnt myndina í framhalds- og háskólum við góðar viðtökur. Eftir sýningu myndarinnar höfum við tekið spurningar úr sal og rætt um myndina og umhverfismál, með það að markmiði að hreyfa við áhorfendum og vekja þá til umhugsunar um þetta gríðarstóra verkefni.

Umræðum höfum við fylgt eftir á fésbókarsíðu Sjálfbærs Íslands og nú er svo komið að stjórnendur Hofs á Akureyri höfðu samband við okkur og stungu uppá að við kæmum með myndina norður.

Með bréfi þessu langar okkur að bjóða Akureyrarbæ að taka þátt í því verkefni með okkur.

Hugmyndin er að sýna myndina fyrir almenning og starfsmenn bæjarins í Hofi. Eftir sýninguna þá viljum við bjóða völdum aðilum að taka þátt í pallborðsumræðum og jafnframt taka spurningar úr sal.

Einnig viljum við nýta tækifærið og jafnframt fara með myndina í skólana og sýna hana nemendum og taka spurningar eftir sýningu, líkt og við höfum verið að gera fyrir sunnan.

Við viljum gjarnan fá að hringja í þig og skýra málið betur. Ef þú átt lausan tíma á næstunni þá máttu gjarnan stinga uppá hvenær við megum hringja til þín.

Hlakka til að heyra frá þér.

Fyrir hönd Sjálfbærs Íslands og BROS bræðra


Magnús B. Jóhannesson
Rekstrarhagfræðingur
magnusj@vistspor.is
S: 779 2900


Sigurður E. Jóhannesson
Umhverfisfræðingur
sigurdurj@vistspor.is
S: 690 6919

Encl: bæklingur um heimildarmyndina "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt"